

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1986.**Eignir:**

Sjóður	2 570 206,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	4 053 547,00
Skuldabréfaeign	50 000,00
Ógreidd innheimtuþóknun	542 182,00
Óinnheimtar kröfur	626 598 788,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	0
	<hr/>
	633 814 723,00
	<hr/> <hr/>

Skuldir:

Ógreiddur kostnaður	1 508,00
Tryggingastofnun ríkisins	20 905 639,00
Erlendar innheimtur	491 772,00
Félagsmálaráðuneytið	220 625,00
	<hr/>
	21 619 544,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	556 515 493,00
Dráttarvextir óinnheimtir	50 363 256,00
Óráðstafað eigið fé	5 316 430,00
	<hr/>
	633 814 723,00
	<hr/> <hr/>

Reykjavík, 29. júní 1987.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Guðmundur Vignir Józefsson, formaður.
Steinþór Júlíusson.

Hallgrímur Dalberg.
Árni Guðjónsson.

12. ágúst 1987

Nr. 380

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld í Hveragerði.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Hveragerði, þar með talið bílskúrum og geymslum, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skal greiða gatnagerðargjald í A-flokki til bæjarsjóðs eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Af öllum fasteignum í Hveragerði, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki til bæjarsjóðs, enda sé lokið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu ásamt gangstéttum og ekki lengri tími liðinn en fimm ár frá því að framkvæmdum var lokið. Ekki skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki af þeim fasteignum, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, eftir að reglugerð þessi tekur gildi.

3. gr.

Gjald í A-flokki reiknast af stærð byggingar eða bæði af stærð byggingar og lóðar en gjald í B-flokki reiknast af stærð lóðar eða bæði af stærð lóðar og byggingar. Gjöldin reiknast sem ákveðinn hundradshluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands hverju sinni. Miðað skal við vísitölu byggingarkostnaðar 320 stig og rúmmetra vísitöluhúss kr. 9 431,56 með þeim breytingum er síðar kunna að verða.

4. gr.

Gatnagerðargjald í A-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús		7.0% pr. rúmmetra húss
2. Parhús		6.0% pr. rúmmetra húss
3. Raðhús		5.5% pr. rúmmetra húss
4. Fjölbýlishús		4.0% pr. rúmmetra húss
5. Versl. skrifst. stofn	af húsi	3.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	3.0% pr. fermetra lóðar
6. Iðnaðarhús	af húsi	2.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	1.5% pr. fermetra lóðar
7. Gróðurhús	af húsi	1.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	1.5% pr. fermetra lóðar

5. gr.

Gatnagerðargjald í A-flokki skal lagt á lóðarhafa þegar byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd og miðast það við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag og greiðist þannig:

- 25% áætlaðs gatnagerðargjalds greiðist þegar lóð hefur verið úthlutað enda tekur úthlutunin ekki gildi fyrir en gjaldið hefur verið greitt.
- Helmingur gjaldsins skal vera greiddur áður en byggingarframkvæmdir hefjast en þó ekki síðar en 20 dögum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd.
- 25% gjaldsins greiðist 6 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd.
- Að lokum skal greiða 25% gjaldsins 12 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd enda sé viðkomandi gata þá fullfrágengin samkv. teikningum.

Vextir skulu reiknast á lið 3 og lið 4 og vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma.

6. gr.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús		1.2% pr. fermetra lóðar
2. Raðhús, 1h.		1.2% pr. fermetra lóðar
3. Raðhús, 2h. og fjölbýlishús		1.2% pr. fermetra lóðar
4. Versl. skrifst. stofn.	af lóð	1.2% pr. fermetra lóðar
	af húsi	0.5% pr. rúmmetra húss
5. Iðnaðarhús	af lóð	0.6% pr. fermetra lóðar
	af húsi	0.5% pr. rúmmetra húss
6. Gróðurhús	af lóð	0.6% pr. fermetra lóðar

7. gr.

Gjald skv. 6. gr. greiðist þannig:

- 20% gjaldsins greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.
- 80% gjaldsins greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Vextir skulu vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma.

Lokagreiðsla gatnagerðargjaldsins skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á gatnagerðargjaldi í B-flokki þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

9. gr.

Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytingu.

10. gr.

Ef um er að ræða lóð þar sem á að standa bæði íbúðar- og gróðurhús er bæjarstjórn heimilt að áætla stærð lóða fyrir íbúðarhúsið til álagningar gatnagerðargjalda.

11. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í viðkomandi eign. Heimilt er að taka gjöld skv. reglugerð þessari lögtaki.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 202 frá 29. apríl 1977 um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað.

B-gatnagerðargjöld.

1. gr.

Af öllum húsum á Ísafirði, hvort sem þau eru á eignar- eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjöld (B-gjöld) til bæjarsjóðs Ísafjarðar samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gatnagerðargjaldinu varið til að standa undir kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og lagningu gangstétta.